

# Náttúran í nýju ljósi

## Fiðrildi

Örstutt um myndbandið: Í myndbandinu um fiðrildi er fylgst með þessari stóru ætt skordýra og farið í gegnum hinn fjórskipta lífsferil þeirra. Fjallað er ýtarlega um hvert stig í lífsferlinum og hinar ýmsu tegundir fullvaxinna fiðrilda skoðaðar.

Efnisráður: Fiðrildi tilheyra einni af stærstu ætt skordýra. Þau beita margvíslegum aðferðum til að komast af. Útlit þeirra beinist að því að lifa af, t.d. með því að dulbúast, bægja frá óvinum og laða til sín maka. Fiðrildi skiptast í dagfiðrildi og náttfiðrildi og er fjallað um hvað þessir hópar eiga sameiginlegt, svo og það sem ber á milli. Í myndbandinu eru góðar myndir af myndbreytingu eggis til lirfu til púpu og til fiðrildis, einkenni og lífshættir hvers stigs sýndir.

### Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja fjórskiptan lífsferil fiðrildis
- Að kunna skil á muninum á nátt- og dagfiðrildum
- Að þekkja líkamsgerð fiðrilda
- Að gera sér grein fyrir hvernig mismunandi útlit hjálpar fiðrildum að komast af

### Helstu atriði og hugtök:

- myndbreyting
- tólffótungur
- sograni
- munnlimir
- klak
- dvali
- lyktarskyn
- hreistur/hreisturflögur
- kóngafiðrildi
- silkifiðrildi
- blóðsugufiðrildi
- bjarnarfiðrildi
- draumfiðrildi
- sólfíðrildi
- náttfiðrildi
- dagfiðrildi
- egg
- lirfa
- púpa
- hamur/hamskipti
- augndflar
- farfiðrildi
- silki

### Hugmyndir að verkefnum

- Finna nokkur dæmi um mismunandi aðlögun fiðrilda að umhverfi sínu
- Bera saman nokkur dæmi um varnir fiðrildalirfa
- Búa til fæðukeðju/fæðuvef þar sem lirfur koma við sögu
- Bera saman náttfiðrildi og dagfiðrildi (líkamsgerð, atferli, þróunarsögu, lífsferil)
- Afla heimilda um aðrar lífverur sem myndbreytast
- Mismunandi fæða og fæðuöflun lirfa og fullorðinna fiðrilda, bera saman við önnur skordýr og e.t.v. við aðra ætbálka liðfæla svo sem áttfætlur
- Áhrif úðunar garða á lífríkið svo sem lirfur og fugla (ath. leikinn *Banvæn sambönd í Náttúruverkefnum*)

### Til umræðu:

- Náttfiðrildi dragast að ljósi. Hver gæti verið ástæðan fyrir því?
- Hvað merkja skærir litir sumra fiðrilda (gult/svart)? Af hverju reyna önnur að líkja eftir þeim?

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; lífsferlar; erfðir, aðlögun, þróun; bygging og starfsemi lífvera; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt

Tengsl við námsefni:

*Náttúran allan ársins hring*

*Náttúruverkefni*

*Lífrikið á landi*

*Lífandi veröld*

*Einkenni lífvera*

*Greiningarlyklar um smádyr ( Landið)*

Titill á frummáli: *Butterfly*

Þýðandi og þulur: Ingi K. Jóhannesson